

Fréttapistill frá forseta Íslands

1. febrúar 2021

Í nýliðinni viku vöktu fregnir af skotárásum á bækistöðvar stjórnmalaflokka og bifreið borgarstjórahjóna óhug og áhyggjur. Við, sem búum í þessu landi, verðum að hafna öllum öfgum og ofbeldi á vettvangi þjóðmála. Heimili þeirra, sem gefa sig að störfum á því sviði, verða að vera friðhelg, rétt eins og önnur híbýli. Blessunarlega hafa þessir ógnartilburðir verið fordæmdir hvarvetna, og ekki síður hvers kyns viðleitni til að réttlæta þá eða gera lítið úr þeim. Og blessunarlega búum við í þannig samfélagi að fólk í áhrifastöðum þarf ekki að njóta verndar daginn út og inn. Við lifum á tímum sífellt örari breytinga á mörgum sviðum en ég trúi því að Íslendingar vilji halda í þessa birtingarmynd frelsis og jafnræðis hér á landi, hófsemdar og öfgaleysis.

Í því ljósi megum við líka ræða þann ósóma sem getur viðgengist á samfélagsmiðlum, athugasemdakerfum fjölmiðla og víðar í opinberri umræðu. Víst þarf að verja málfrelsi og víst verður fólk, sem býður sig fram til starfa á opinberum vettvangi, að geta þolað harða gagnrýni og nauðsynlegt aðhald. En öllu má ofgera og gagnrýni er eitt og óhróður annað, aðhald eitt og rógur annað. Öll þau, sem vilja takast á með rökum, þurfa líka að sýna að þau vilji ekki stuðning þeirra sem fara um víðan völl með innantómum gífuryrðum, dylgjum og dónaskap.

Gleymum því þó ekki að internetið með öllum sínum samfélagsmiðlum og samskiptaleiðum hefur valdið þeirri miklu lýðræðisbyltingu að hver sem er getur tjáð sig og náð athygli annarra. Það er fagnaðarefni. Ég tek því undir með breska leikaranum Rowan Atkinson, þeim mikla snillingi, sem minnti nýlega á mikilvægi þess að ólíkar raddir heyrast í samfélaginu, að við megum ekki neita því að heyra skoðanir sem okkur mislíkar. Auðvitað eigum við þó ekki að þola haturlát og hótanir í skjóli málfrelsis. Sömmuleiðis þykir mér það leiðinlegur plagsiður þegar fólk segir einfaldlega „mín skoðun“ og ætlast til að hún hljóti þá að vera jafngild öðrum skoðunum, hversu órökstudd og ósanngjörn sem hún getur verið. Hvers kyns skoðanir má ekki bara leggja að jöfnu. Til eru vísindi og til eru bábiljur. Til er sannleikur og til er lygi.

Reyndar er orðið skoðun í íslensku máli skemmtilega gegnsætt, það ætti einmitt að þýða að fólk hafi skoðað mál áður en það myndar sér skoðun. En sú er ekki endilega raunin þegar skoðunum er skellt fram í fljótheitum, án ígrundunar. Og það er ekki skoðanakúgun eða þöggun ef skoðunum, sem fólk lætur í ljós, er hafnað, ef bent er á að þær standist enga skoðun þegar vel er að gáð.

Þegar allt kemur til alls skulum við fagna því að vera uppi á því tímaskeiði og í því landi þar sem fólk getur látið skoðanir sínar í ljós. Munum bara að orðum fylgir ábyrgð og innantóm gífuryrði gera ekkert gagn, og allra síst gagnast þau eigin málstað.

En víkjum aftur að því sem fagna má. Enn berast þau tíðindi að engin veirusmit hafi greinst í landinu. Þetta er allt að koma en verum áfram á verði. Líklega getur enginn verið á móti þeirri hvatningu að við höldum áfram að sinna okkar sóttvörnum eftir

bestu getu. „En ég held að það sé númer eitt, tvö og þrjú þessar einstaklingsbundnu sýkingavarnir sem skila okkur öllu,“ sagði Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir á Bylgjunni í morgun og undir það má taka.

Og þá að helstu viðburðum nýliðinnar viku: Á mánudaginn var óskaði ég Ævari Þór Benediktssyni til hamingju með að hafa verið skipaður sendiherra Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF á Íslandi. Þennan heiður hlýtur hann fyrstur Íslendinga en sendiherrum af þessu tagi, sem finna má víða um lönd, er ætlað að styðja við baráttu UNICEF fyrir réttindum barna um allan heim.

Þriðjudaginn 26. janúar 2021 voru Íslensku bókmenntaverðlaunin afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Hún bar þess merki að samkomutakmarkanir eru enn í gildi en þó gátu verðlaunahafar tekið við sínum verðskulduðu viðurkenningum. Ég óska þeim aftur hjartanlega til hamingju, Elísabetu Kristínu Jökulsdóttur, Sumarliða Ísleifssyni og þeim Arndísi Þórarinsdóttur og Huldu Sigrúnu Bjarnadóttur.

Undir lok ávarps míns við þetta tilefni minnti ég á stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu og komst svo að orði: „En til hvers að búa hér ef við hlúum ekki að menningu og mannlífi? Ef við hlúum ekki að tungumálinu, sem við viljum að sé talað hér, málinu, sem við viljum að þeir sem hingað flytjast fái aðstoð við að læra, málinu, sem við ættum að skipa verðugan sess í stjórnarskrá, málinu sem við ættum að geta notað í öllum okkar samskiptum við nútímans tæki og tól? Hér í lokin skora ég því á landsmenn að skella sér á síðuna samromur.is á netinu og leggja þar orð í belg, leggja inn í orðabanka og stuðla þannig að því að tungumálið okkar dafni í stafrænum heimi. Samromur.is – mér liggur við að segja að sú síða sé að heita má eini staðurinn á netinu þar sem málflutningur er alveg örugglega til góðs. Kæru landsmenn: Við þurfum ekki að örvænta, íslensk tunga lifir góðu lífi. Hún þróast og breytist eins og hún hefur alltaf gert, en við verðum bara að geta notað hana hvar sem er og hvenær sem er hér á landi.“

Síðastliðinn miðvikudag var aftur gleðistund hér á Bessastöðum. Þá afhentum við Eliza verðlaun í Lestrarkeppni grunnskólanna á vegum Samróms. Hún snerist einmitt um að safna setningum í orðabanka Samróms og gekk svona líka glimrandi vel. Nemendur í 136 skólum lögðu sitt af mörkum og lásu samtals um 790 þúsund setningar. Smáraskóli, Grenivíkurskóli og Setbergsskóli sigruðu hver í sínum stærðarflokki en einnig voru veitt verðlaun fyrir framúrskarandi árangur til Höfðaskóla, Gerðaskóla og Myllubakkaskóla. Við hjónin ítrekum þakkir til allra sem tóku þátt og heillaóskir til þeirra sem lögðu flest orð í belg.

Smám saman fjölga þeim viðburðum og mannamótum sem hægt er að sækja þótt ætíð þurfi að huga að sjálfsögðum sóttvörnum. Á fimmtudaginn var sótti ég frumsýningu Listafélags Verzlunarskóla Íslands á verkinu 10 hlutir sem byggt er á kvikmyndinni 10 things I hate about you. Ég óska öllum til hamingju sem koma að þessu skemmtilega verki.

Hér nefni ég jafnframt að í gær, sunnudag, sótti ég glæsilega sýningu í Listasafni Reykjavíkur á ljósmyndum Ragnars Axelssonar frá norðurslóðum og héðan af Íslandi. Í gærkvöldi naut ég svo tónleika þriggja bassasöngvara í Salnum í Kópavogi, þeirra Bjarna Thors Kristinssonar, Kristins Sigmundssonar og Viðars Gunnarssonar. Helga Bryndís Magnúsdóttir lék undir þeirra djúpu raddir og var þetta afar notaleg stund.

Þá nefni ég hér að fyrir helgi tók ég við góðri gjöf frá Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur. Fulltrúar þess færðu mér húfu eins og sjá má á mynd hér að neðan. Höfuðfatið kemur sér vel í frosthörkum, er hlýrra en buff og jafnframt er ætlunin að vekja athygli á vitundarvakningu og fjáröflun Krafts sem er fram undan.

Loks nefni ég að í dag, mánudaginn 1. febrúar, er hátíðardagur kvenfélaga á Íslandi. Ég sendi öllum konum í þeim félagsskap heillaóskir og hlýjar kveðjur. Í tilefni af 90 ára afmæli Kvenfélagasambands Íslands í fyrra hófu liðsmenn þess fjársöfnun í þágu heilsuverndar kvenna um allt land. Hún stendur enn og hvet ég alla, sem á því hafa tök, að leggja því góða málefni lið og má fá upplýsingar í þeim efnum hér: <https://gjoftilallrakvenna.is/>.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.